

að eiga krónu og þá bara til að horfa á stelpur og drekka vatn.

En hvað með vændið, Geiri?

„Ef ég á að segja þér alveg eins og er þá held ég að það sé ekki vændi á neinum svona stað á Íslandi. Enda hefur lögreglan sagt að það verði tekið harðar á því en ella ef einn af þessum stöðum sé að stunda vændi. En auðvitað eru alltaf til menn sem hafa uppi dónalega tilbúð. Það er verið að bjóða í konur á Kaffi Reykjavík og á Hafnarkránni var jafnvel verið að bjóða í einhverjar herfur. En stelpurnar hérna eru góðar stelpur og þær eru líka varar um sig. Eru í okunnu landi og þetta er andskotans ekkert hóreri hjá þessum stelpum.“

Halli dyravörður kemur þá með bjór handa mér, ég er að biða eftir ljósmyndaranum og ákveð að stúta einum stórum fyrst hann er ekki mættur, helvískur, og ég nota tækifærið til að spyrja hvort hann kunni við breytinguna.

„Þær eru meiri háttar en ég er nú búinn að vera í þessum bransa í tólf ár og er öllu vanur.“

Eru þetta viðráðanlegri kunnar sem koma núna?

„Já. En þetta var ekkert erfitt á Hafnarkránni. Ég er meira í því að tala fólk til ef það er með læti og hef alltaf litið á dyravörslu sem mannleg samskipti. Frá upphafi hefur það verið minn stilli að gefa mér góðan tíma til að tala fólk til.“

Ertu fjölskyldumaður?

„Já, já. Þetta er bara aukavinna hjá mér. Ég á þrjú börn og vinn í Ölgerðinni á daginn.“

Hvað segir konan við breytingunum?

„Henni er alveg sama. Þetta er bara vinna, verkefni sem maður þarf að leysa.“

Henni finnst þú ekkert vera minna tilkippilegur þegar þú kemur heim eftir erfiðan vinnudag á erótískum strípklúbbi?

„Nei, nei,“ svarar Halli og flissar.

Stoltar stelpur og Stalín

Dansinn er ekki enn byrjaður og ljósmyndarinn ekki kominn. Geir sendir tvær stelpur í betri stofuna til mín. Ég kynni mig og þær kynna sig sem Jönu og Viktoríu, sú síðarnefnda viðurkennir að hún sé að ljúga til um nafn.

Hvaðan eruði?

„Við komum frá dansskóla í Tallinn,“ segir Jana og bætir því við að Tallinn sé höfuðborg Eistlands.

Jana er með ljósa hárkollu, eða ég held að þetta sé hárkolla. Hárið í henni er það þykkt og gervilegt að það getur ekki verið hennar eigið hár. Maður kann samt aldrei við að spyrja, það gæti orðið of vandræðalegt. Hún er miklu minni en Viktoría, vinkona hennar, sem er með dökkt hár sem er örugglega hennar eigið. Þær eru báðar pínulítið varar um sig, þá sérstaklega Viktoría, enda er hún 29 ára en Jana bara 22 og því líklega ekki jafnmikil heimsmanneskja.

Hvernig dansskóli er þetta?

Viktoría: „Þær eru kenndir alla vega dansar og á milli túra förum við í danstíma á hverjum degi, alla daga vikunnar.“

Og er kennt að strippa í honum?

„Já, líka,“ svarar Viktoría undir fólsku nafni.

Stelpurnar segja mér að þær hafi verið hér í einn mánuð og Jana er komin með þínu heimþrá. Hún á finnskan kærasta og saknar hans líka svoldið. Talar við hann á hverjum degi og hann segir henni að hann elski hana. Hún er samt alveg opin fyrir því að verða ástfanginn í Íslendingi. Í lifinu gerist bara það sem gerist.

„Ég keypti mér bók um Ísland og er búin að lesa mig til um landið,“ segir Viktoría þegar ég spyr hana hvort hún viti eitthvað um land og þjóð. „Ég er líka búin að sjá eitt-hvað af þessum helstu stöðum og bossinn [Geiri] er búinn að lofa að fara með okkur allar í bíltúr til að sína okkur helstu staðina áður en við förum heim.“

Það er eitt-hvað við þessar stelpur sem gerir þær of menntaðar. Þetta er örugglega bara eitt-hvað í mér og af þeirri staðreynd að ég veit að þær ölust að hluta til upp í Sovét og það er alltaf svona uppstrílaður Laxness-



Þú hugsar með þér: Hvað segir biskupinn við þessu öllu saman?

keimur af minningum um Sovétíð. Var Eistland ekki partur af Sovétríkjunum?

„Jú, en landið okkar er ekki eins og Rússland. Við höfum alltaf gert hlutina eins og okkur sýnist,“ segir Viktoría og er nærri því reið. „Landið okkar, Eistland, vex mjög hratt núna og við erum miklu nær Finnum hvað menningu varðar en Rússum og Sovétríkjunum fyrrverandi.“

En voruði ekki öll kommar á tímum Sovétríkjana?

„Ekki ég,“ segir Viktoría. „Foreldrar mínir voru kommúnistar en nú hafa þeir aðlagast nýjum tímum í Eistlandi. Þeir fæddust líka í Rússlandi og fluttu mjög ungir til Eistlands.“

Jana: „Foreldrar mínir voru ekki kommúnistar vegna þess að Stalín sendi afa minn í fangabúðir fyrir að spila bönnuð lög á harmóníku á torgi í smábæ í Eistlandi.“

Spólið til baka

„Eistland er mjög dýrt og við erum hér til að drygja tekjurnar,“ segir Jana, aðspurð af hverju hún sé komin hingað til að dansa.

Stelpurnar fara síðan í kerfi þegar ég spyr þær hve mikið almennur verkamaður hefur í laun í Eistlandi. Það er ekki vegna þess að þær telji upplýsingarnar trúnaðarmál. Þær eru bara stoltar og vilja ekki gera lítið úr sinni fösturjörð. Þær halda langan fyrirlestur um hversu ungt landið sé og að það sé mikil uppbygging í gangi. Ég hlusta og kinka kolli og fæ loksins að vita

að þær þéna 2-3.000 dollara á einum mánuði hér en það eru hátt í tísföld meðallaun í Eistlandi.

En hvernig eru íslenskir kunnar í samanburði við þá sem þið hafið kynnst?

Viktoría: „Mér líkar vel við Íslendinga. Þeir eru vinalegir og miklu kurteisari en þeir finnsku.“

Eru þeir ekki lélegir í þjórfénu?

„Nei, nei,“ segir Jana og er þá kölluð upp á svið.

Í sömu andrá mætir Teitur Ljósmyndari. Hann tekur strax upp myndavélina og fer að mynda alla í bak og fyrir. Ég geng út úr betri stofunni og horfi á Jönu strippa. Hún virðist vera virkilega góð í því sem hún er að gera. Það er samt eitthvað við konu sem nuddar á sér brjóstin uppi á sviði sem fær mann til að hugsa um hvað Jesú myndi gera stæði hann við barinn og drykki bjór á kostnað Geira á Hafnarkránni. Þessi biskup okkar kemur líka upp í hugann. Hvar er hann. Jana stendur á sviðinu og heldur utan um bert klofið á sér. Tónlistin er frönsk og einhver ótrúlegur evrópskur fílingur yfir öllu. Edith Piaf gólar og mér líður eins og ég sé staddur með Sigurði Pálssyni á listamannabær í París. Eða að ég sé á klúbbi í Manchester og sé að hlusta á endinn á lagi sem ég vil heyra aftur. En það er tíska þar að öskra „Rewind!“ „Spólið til baka!“ Og ef plötsnúðurinn hlýðir ekki þá tekurðu upp skambyssu og skýtur upp í loftið, öskrandi: „Spólið til baka!“ „Spólið til baka!“

Mikael Torfason

myndlist

Opnanir

Gallerí Ingólfsstræti 8, Reykjavík. Í gær, fimmtudaginn 14. janúar, var opnuð sýning á verkum Ásgerðar Búadóttur veflistakonu. Galleríð er opið fimmtudaga til sunnudaga kl. 14-18.



Síðustu forvöð

Listasafn Íslands. Sýningin 80/90 Speglar samtímans frá Museet for samtidskunst í Ósló verður tekin niður eftir sunnudaginn. Þeir sem enn hafa ekki rennt sér í gegnum þetta sýnishorn af samtímalist ættu því að skella sér um helgina.

Gallerí Hornið, Hafnarstræti 15. Sýningu á verkum eftir Dæsus, öðru nafni Ólafur Jökull, lýkur á fimmtudaginn. Hún er opin alla daga kl. 11-24, en séringangur aðeins kl. 14-18.

Aðrar sýningar

Listasafn Kópavogs, Gerðarsafn. Í vestursal: Lýsing '99, olíumálverk og þrívíð verk eftir Nobuyasu Yamagata. Á neðri hæð safnsins sýnir Sigríður Rut Hreinsdóttir þrettán olíumálverk. Í austursal er Haukur Harðarson með skúlptúr sýningu sem nefnist Frelsi og fjótrar. Sýningararnar eru opnar alla daga nema mánudaga frá 12-18.

Kjarvalsstaðir, Flóagötu. Kjarvalssýningin „Af trönum meistarans“ með verk frá síðari ævistarum Kjarvals. Málverkið „Sjón er sögu ríkar“ sem er í eigu danska ríkisins er á sýningunni. Á Kjarvalsstöðum sýnir Einar Garlbaldur einnig verk tengd ímynd Kjarvals og Britt Selvaer sýnir textilverk.

Hallgrímskirkja. Þorbjörg Höskuldadóttir hefur opnað sýningu í anddyri kirkjunnar.

Menningarmiljóstöðin Gerðuberg. Myndlistarmáðurinn Alan James er með sýningu á verkum sínum á neðri hæð Gerðubergs.

Kringlan. Sýning á grafík og grafíkvinnumbrögðum. Sýningin verður í sýningarými Gallerí Foldar og Kringlunnar á annarri hæð gegnt Hagkaupi.

Gallerí Fold, Rauðarárstíg 14. Samsýning 15 listamanna í baksal. Sýningin ber nafnið Frost og funi.

Nýlistasafnið, Vatnssstíg 3B, Reykjavík. Fysta sýning Nýlistasafnsins á árinu er samsýning fimm þýskra listamanna og eins listamanns frá Frakklandi. Sýningin ber yfirskriftina Nord Süd fahrt eða Norðurleið – Suðurleið. Sýningin er opin daglega nema mánudaga frá kl. 14-18.


Mokka. Sýning á verkum Haraldar Karlssonar. Hann sýnir kristallaðar hveramyndir unnar úr íslenskum hveraefnum. En á sýningunni er einnig að finna hljóðverk sem unnið er út frá hveramyndunum og hlusta má á úr heyrnartólum.

Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarjarðar. Sýning á bútasamsteppum Kaffe Fassett.

Listasafn ASÍ, Freyjugötu 41. Helga Egilsdóttir er með sýningu í Ásmundarsal. Einar Már Guðvarðarson sýnir ljósmyndir og höggmyndir í steini í Gryfu. Ný aðföng Listasafns ASÍ í Arinstofu. Safnið er opið þriðjudaga til sunnudaga kl. 14-18.

meira á
www.visir.is

Fáðu þér gómsætan Waterboy borgara á Hard Rock og þú færð frían miða á myndina í kaupbæti!



Waterboy borgarinn er með beikoni, osti, iceberg, tómötum og steiksósu og kostar aðeins 990.-

Hard Rock
CAFE
REYKJAVÍK

LOVE ALL
SERVE ALL

NÝ GRÍNSMELLURINN FRÁ FÓLKINU SEM GERDI 'THE WEDDING SINGER'

